

Landsfundur Landssambands íslenskra vélsleðamanna, haldinn á Hveravöllum 8. október 2005, kl. 12:00.

Ásbjörn Helgi Árnason, forseti LÍV, setti fundinn og bauð menn velkomna til 21. landsfundar LÍV. Stakk hann upp á Jósavin Gunnarssyni sem fundarstjóra og Halldóri Arinbjarnarsyni sem ritara, sem var samþykkt.

Jósavin Gunnarsson tók við fundarstjórn, þakkaði traustið og gekk til dagskrár.

1. Kosning kjörbréfanefndar:

Ásbjörn kom með tillögu um að fundarmenn stæðu upp og kynntu sig. Að því loknu las fundarstjóri upp nöfn kjörinna aðalfundarfulltrúa og kannaði mætingu.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs:

Ásbjörn flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom fram að stjórn hefði verið sammála um að setja öryggismálin á oddinn og leitast við að stuðla að opinni umræðu um þau mál. Greindi hann frá samstarfi við Landsbjörgu um útgáfu á öryggisbæklingi fyrir vélsleðamenn sem stefnt er á að koma út í nóvember.

Sl. vetur stóð stjórn LÍV fyrir 20 ára afmælisfundi í Nýjadal en mótinu varð að fresta veturinn áður sökum snjóleysis. Á fundinum voru 4 af frumkvöðlum að stofnun LÍV gerðir að heiðursfélögum sambandsins. Þetta eru þeir Vilhelm Ágústsson, Þorsteinn Pétursson, Tómas Búi Böðvarsson og Sveinn Jónsson.

Sleðafréttir komu út tvisvar á starfsárinu og Vélsleðinn einu sinni. Vandamál hafa verið við fjármögnum útgáfunnar en Ásbjörn sagði það mat stjórnar að mikilvægt væri að koma Vélsleðanum út þótt greiða þyrfti með útgáfunni, líkt og gert hefur verið í tvö undanfarin ár.

Framtíð viðgerðargáms LÍV á Hveravöllum var nokkuð til umræðu hjá stjórn. Í ljósi áforma rekstraraðila á Hveravöllum um byggingu þjónustuaðstöðu á staðnum samþykkti stjórn að eðlilegt væri að láta fjarlægja gáminn. Síðar óskuðu rekstraraðilar á Hveravöllum eftir því að yfirtaka rekstur gámsins og veður væntanlega gengið frá því máli innan tíðar.

Vegagerð um Kaldbaksdal á Öxnadalshéiði kom inn á borð stjórnar LÍV á starfsárinu. Af hálfu vélsleðamanna í Skagafirði hefur átt sér stað ákeðin undirbúningsvinna og beitti forseti LÍV sér fyrir því að fá aðila til að mæla út vegarstæði þannig að hægt verði að sækja um heimild til verksins.

Ásbjörn rakti breytingar sem gerðar voru á reglugerð um Skaftafellspjóðgarð en þjóðgarðurinn tekur nú til alls suðurhluta Vatnajökuls. Reglugerðin hafði ekki verulegar breytingar í för með sér fyrir akstur vélsleða en þó má nú ekki aka að Hvannadalshnjúk eða um Skeiðarárjökul yfir sumartímann. Taldi Ásbjörn að þetta væri nokkuð sem auðvelt væri fyrir vélsleðamenn að fara eftir. Þá sagði hann frá nýrri reglugerð um umferð um náttúru Íslands sem tók gildi sl. vor. Á endanum hafði hún engar breytingar í för með sér hvað varðar akstur vélsleða.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir:

Jóhann Gunnar Jóhannsson fór yfir og skýrði reikninga sambandsins. Í máli hans kom meðal annars fram að verulegur misbrestur er á að árgjöld séu greidd og nú hafa einungis 2/3 hlutar félagsmanna greitt árgjald sitt fyrir 2005. Spunnust nokkrar umræður um þessi vanhöld á greislu félagsgjalda, hugsanlegar skýringar og hvað væri til úrbóta. Reikningar voru síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

4. Skýrslur félaga:

Ríkarður Sigmundsson sagði frá starfi LÍV-Reykjavík. Í máli hans kom m.a. fram að félagið hafi tekið ákvörðun um að standa ekki fyrir útilífssýningu sl. vetur en einbeita sér frekar að öðrum verkefnum. Aðalfundur félagsins var haldinn í desember og félagsfundir voru haldnir annan miðvikudag hvers mánaðar. Voru þar ýmis mál til umræðu og kynningar. Í febrúar hélt félagið vélsleðahátíð með bikarkeppni í snjókrossi, kvöldsfélagssýningu snjókrosskappa á plani Húsgagnahallarinnar og árshátíð. Sagði Ríkarður þetta hafa verið

einstaklega vel heppnaðan viðburð sem vakið hefði verðskuldaða athygli. Sagði hann stefnu félagsins að halda áfram að koma að keppnishaldi þar sem það væri mat stjórnar að slíkt myndi skapa nauðsynlega tengingu ferða- og keppnisgeirans og auka nýliðun í félaginu.

Björn Magnússon flutti skýrslu um starf EY-LÍV. Sagði hann starfið hafa verið í hefðbundnum skorðum á starfsárinu en erfitt hafi reynst að halda alla viðburði sem settir voru á vetrardagskrána, bæði sökum snjóleysis og óhagstæðs tíðarfars. Aðalfundur var haldinn í lok október og félagsfundir einu sinni í mánuði eftir áramót. Þeir viðburðir sem tókst að halda tókust vel, m.a. vel sótt GPS-námskeið og verkleg kennsla í snjóhúsgerð. Þá var vetrarsportsýningin á sínum stað og tókst að sögn Björns vel. Undirbúningi Vatnahjallavegar var haldið áfram og liggja öll nauðsynleg leyfi fyrir. Hins vegar skorti enn nauðsynlegt fjármagn. Að lokum sagði hann stefnt að svipuðu starfi á næsta starfsári og áhersla yrði lögð á fjölgun félaga.

Sigurjón Jónsson fór yfir starf Snæ-LÍV. Í máli hans kom fram að það hefði að mestu verið með hefðbundnum hætti en snjóleysi hefði sett mönnum ákveðnar skorður. Aðalfundur félagsins var haldinn í janúar og í kjölfar hans hófst vetrarstarfið. Félagfundir voru haldnir reglulega og var mæting jafnan ágæt. Einn stærsti einstaki viðburðurinn í starfi félagsins var þorrablót sem haldið var í febrúar. Mæting var góð og sagði Sigurjón stefnt á að endurtaka leikinn á komandi vetri. Að öðru leyti sagði hann stefnt á að vetrarstarfið yrði með líkum hætti og verið hefur.

5. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs:

6. Ákvörðun um félagsgjald og skiptingu þess:

7. Ákvörðun um félagsgjald þeirra félaga, sem hafa aukaaðild að sambandinu:

Ofangreindir liðir voru afgreiddir í einu lagi. Jóhann Gunnar fór yfir fjárhags- og framkvæmdaáætlun stjórnar LÍV. Í henni er gengið út frá að árgjald verði óbreytt 4.000 kr. og skiptist sem fyrr jafnt á milli sambandsins og aðildarfélaga. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að árgjald fyrir aukaaðild verði áfram 500 kr og renni óskipt til landssambandsins. Áætlunin gerir ráð fyrir að heldur fleiri greiði félagsgjöld en á síðasta starfsári, gjöld verði í svipuðu horfi og að hagnaður ársins verði 150 þúsund kr. Samþykkt samhljóða.

8. Lagabreytingar:

Engar tillögur að lagabreytingum lágu fyrir fundinum en forseti kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og reifaði hugmyndir að breytingum á skipan stjórnar. Sagði hann það sína skoðun að nauðsynlegt væri að tengja aðildarfélögin betur saman og auka einnig tengsl þeirra við stjórn LÍV. Varpaði hann fram þeirri hugmynd að stjórnir svæðafélaganna ættu fulltrúa í stjórn LÍV. Lagði hann til að félögin myndu sameinast um að undirbúa málið fyrir næsta landsfund. Formenn svæða myndu kynna þessa hugmynd á aðalfundum félaga sinna og skila niðurstöðum sínum til forseta. Var þetta samþykkt.

9. Kosning stjórnar samkvæmt 7. gr. sambandslaganna:

Sveinn G. Sveinsson, formaður uppstillingarnefndar, kynnti tillögur nefndarinnar.

Forseti til eins árs: Ásbjörn Helgi Árnason.

Tveir aðalmenn til tveggja ára: Jóhann Gunnar Jóhannson og Sigurjón Jónsson.

Varamaður til tveggja ára: Benedikt Bragason.

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt samhljóða.

10. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara:

Á síðasta landsfundi voru skoðunarmenn, þ.e. aðalmenn, kosnir til tveggja ára. Fram kom tillaga um Böðvar Finnbogason sem varaskoðunarmann til eins árs og var það samþykkt.

11. Kosning uppstillingarnefndar:

Fram kom tillaga um Svein G. Sveinsson sem formann og með honum Tómas Búa Böðvarsson og Leif Østerby. Samþykkt.

12. Ákvörðun um næsta landsfund:

Samþykkt að miða við að landsfundir yrðu framvegis haldnir fyrsta laugardag í október. Á næsta ári ber hann upp á 7. október.

13. Önnur mál:

Eftirtaldir tóku til máls undir þessum lið.

Ásbjörn Helgi Árnason:

Óskaði eftir staðfestingu landsfundar á tilnefningu 4 heiðursfélaga LÍV. Sjá 2. lið fundargerðarinnar. Samþykkt.

Freyr Aðalgeirsson:

Spurði um útgáfu á fyrirhuguðum öryggisbæklingi og dreifingu á honum. Ásbjörn svaraði og einnig dreifði Halldór meðal fundarmanna drögum að texta í fyrirhugaðan bækling. Einnig spurði Freyr út í hugsanlegt samstarf við tryggingafélögin.

Ríkarður Sigmundsson.

Óskaði eftir umræðum um hvort æskilegt væri að LÍV tengdist meira keppnisgeiranum. Hreiðar Hreiðarsson tók undir og sagði það mjög jákvætt að sínu mati. Fleiri fundarmenn tóku í sama streng. Ríkarður benti á að tenging við keppnisgeirann gæti hugsanlega fjölgað deildum innan LÍV.

Ásbjörn Helgi Árnason:

Tók undir að tenging við keppnisgeirann væri að sínu mati jákvæð og þetta væri mál sem vert væri að taka inni fyrirhugaðar umræður um lög sambandsins.

Jóhann:

Kom inn á öryggismál og misbrest á því að sleðar væru skráðir og tryggðir, sérstaklega eldri sleðar.

Böðvar Finnbogason:

Benti á að tryggingar væru dýrar á sleðum og ekki væri hægt að leggja inn númer af þeim, líkt og af öðrum ökutækjum, sem hugsanlega leiddi til þess að menn freistuðust til að afskrá sleða sem lítið væru notaðir.

Ásbjörn Helgi Árnason:

Sagði að það sem LÍV gæti helst gert væri að leiða mönnum fyrir sjónir hvílíkt hættuspil það væri að vera á ótryggðum sleðum.

Halldór Arinbjarnarson:

Benti á að lítil von væri á að tryggingaiðgjöld lækkuðu að marki nema tækist að draga úr slysum.

Freyr Aðalgeirsson:

Spurði út í hvort LÍV hefði beitt sér fyrir því að félagsmenn fengju afslátt í verslunum, t.d. af öryggisbúnaði. Jóhann Gunnar svaraði og sagði LÍV féлага njóta afsláttar í ýmsum búðum. Upplýsingar um þær kæmu fram á félagsskírteini. Einnig hefðu svæðafélögin samið um afslætti. Ásbjörn bætti við að sennilega væri hægt að ná fram lögstu verði með því að menn tækju sig saman og gerðu magninnkaup á tilteknum vörum.

Ásbörn Helgi þakkaði fundarmönnum fyrir komuna og góðar umræður. Hvatti hann þá til að taka Sóra (Sigurbór Hjörleifsson í Messuholti) sér til fyrirmyndar en hann lætur sig aldrei vanta á landsfund. Sleit Ásbjörn að þessu loknu fundi.

Mættir: 27 manns.

Ritað: Halldór Arinbjarnarson.